



# XS

## AÐ SJÁLFSÖGÐU!



### Lýðræðisbærinn Hafnarfjörður

Ein af grunnstoðunum í stefnu Samfylkingarinnar er áherslan á lýðræði og vönduð vinnubrögð í stjórnsýslunni. Lýðræði er meira en bara kosningar á fjögurra ára fresti. Í því felst jafnframt möguleiki íbúanna á að hafa áhrif á milli kosninga. Við hlustum á fólk!



### Fjölbreyttar samgöngur

Samgöngur þurfa að vera góðar og stuðla verður að því að gangandi og hjólandi vegfarendum verði gert jafn hátt undir höfði og öðrum samgöngumátum. Samfylkingin mun efla almennings- samgöngur og frítt verði í strætó fyrir ungmenni allt að 18 ára og yngri.



### Drögum úr álögum á barnafjölskyldur

Samfylkingin mun draga úr álögum á barnafjölskyldur. Við stefnum að því að grunn- og leikskólar verði gjaldfrjálsir með öllu. Þá munum við lækka inntökualdur á leikskóla, styrkja umgjörð dagforeldra, fjölga ungbarnaleikskólum og bæta kjör og starfsaðstæður starfsfólks leikskóla.



### Hækka hlutfall félagslegra íbúða

Í uppbyggingu nýrra hverfa leggja jafnaðarmenn mikla áherslu á að hækka hlutfall félagslegra íbúða hjá sveitarfélaginu. Einnig á Hafnarfjarðarbær að taka höndum saman við félög launþegahreyfingarinnar, sem ekki eru rekin í hagnaðarsjónarmiði, um uppbyggingu leiguíbúða á viðráðanlegum kjörum.



### Hækkum frístundastyrkinn

Við munum leita allra leiða til þess að draga úr kostnaði foreldra og forráðamanna vegna þátttöku barna og unglinga í skipulögðu frístundastarfi meðal annars með myndarlegri hækkun frístundastyrkja.



### Húsnæðismál eru velferðarmál

Eitt stærsta verkefni jafnaðarmanna frá upphafi hafa verið húsnæðismál enda húsnæðisöryggi öllum fjölskyldum mikilvægt. Ráðist verður í kraftmiklar uppbyggingu vegna ástandsins á húsnæðismarkaði.

## Jafnaðarmenn í Hafnarfirði



# „Vil tryggja öllum börnum jöfn tækifæri“

**Árni Rúnar Þorvaldsson skipar þriðja sætið á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Hann er heimakær en á sama tíma félagslyndur og veit fátt betra en að fylgjast með framgangi barnanna sinna sem oftast ekki er á fótbolta-vellinum.**

Árni Rúnar er grunnskólakennari að mennt og starfar við Smáraskóla í Kópavogi. Hann hefur talsverða reynslu af sveitarstjórnarmálum, hefur bæði setið í bæjarstjórn Hornafjarðar og í sveitarstjórn Mýrdalshrepps. Á yfirstandandi kjörtímabili hefur Árni Rúnar svo verið varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. „Sveitarstjórnarmálin hafa alltaf verið mér hugleikin. Hjá sveitarfélögum er stór hluti nærþjónustunnar og á hverjum degi eru þar teknar ákvarðanir sem hafa áhrif á líf okkar og barna. Ég tel raunar að fleiri velferðarmál sem tengjast nærþjónustunni ættu að vera á hendi sveitarfélaganna,“ segir Árni Rúnar, aðspurður um ástæður þess að hann hóf afskipti af sveitarstjórnarmálum.

## Hafnarfjörður togaði alltaf

Árni Rúnar er sonur Guðnýjar Árnadóttur, frönskukennara í Flensborg og Þorvalds Jóns Viktorssonar, fyrrum skólustjóra á Hornafirði. Hann er kvæntur Ragnhildi Einarsdóttur, deildarstjóra í Lækjarskóla og börn þeirra eru Guðný fædd árið 2000, Einar Karl fæddur 2001 og Sólborg fædd árið 2012. „Öll börnin eru fædd á Hornafirði þar sem við bjuggum frá aldamótum til ársins 2013, en þá lá leiðin í Vík í Mýrdal þar sem Ragnhildur tók við stöðu skólustjóra. Árið 2015 var svo komið að því að flytja aftur í Hafnarfjörðinn. Tíminn á Höfn varð lengri en upphaflega stóð til enda mjög gott að búa fyrir austan, börnin fædd þar og eldri börnin tvö að stórum hluta alin þar upp. Ég á ekkert nema góðar minningar frá báðum þessum stöðum þó Hafnarfjörðurinn hafi alltaf togað í mig. Ég er og verð alltaf Hafnfirðingur, römm er sú taug og allt það. Hér liggja rætur mínar og hér eru líka vinirnir frá fornu fari og stærstur hluti fjölskyldu minnar. Hér bjuggu afar mínir og ömmur, annars vegar Árni Bárður Guðmundsson og Ágústa Haraldsdóttir á Arnarhrauninu og hins vegar Viktor Þorvaldsson og Guðrún Ingvarsdóttir á Smyrlahrauninu,“ segir Árni Rúnar sáttur með lífið í Hafnarfirði.

Aðspurður um æskuárin segir Árni þau hafa verið mjög hefðbundin. „Ég gekk í Lækjarskóla og síðar Flensborg og spriklaði svo með FH í fótbolta á sumrin og reyndi mitt besta til að þvælast fyrir andstæðingunum í handbolta á veturna. Ég útskrifaðist svo úr Flensborg 1997, öllum til mikillar gleði en einhverjum sennilega til nokkurrar undrunar. Ég missti hins vegar af útskriftinni þar sem ég þurfti að spila mjög mikilvægan fótboltaleik með Sindramönnum austur á Neskaupstað. Eftir á að hyggja voru það mistök enda tapaðist leikurinn,“ segir Árni Rúnar hlæjandi.



Hjónin saman í Skaltafelli.

## Fritíminn hverfist um fótboltaíðkun barnanna

Aðspurður hvernig Árni Rúnar verji frítíma sínum segir hann: „Ég er hálf lélegur þegar kemur að hefðbundnum áhugamálum. Ætli ég geti ekki helst sagt að fótboltinn hjá krökkunum falli þar undir. Guðný, sú elsta, spilar sem atvinnukona með AC Milan á Ítalíu. Það er sko oft hátt spennustigið meðan leikur er í gangi á Ítalíu get ég sagt þér. Svo spilar Einar Karl, sonur okkar, með meistaraflokki Sindra á Hornafirði og við gerum okkar besta til þess að komast á flesta leiki hjá Sindramönnum. Og svo æfir Sólborg fótbolta með 6. flokki FH en hún er fjölhæf og æfir einnig frjálssar með félaginu auk þess að vera í Skátunum og Öldutúnskólakórnum.“

## Brennur fyrir jöfnum tækifærum barna

Árni Rúnar segir að jafnaðarstefnan sé honum í blóð borin og hann hafi verið meðlimur í Samfylkingunni frá stofnun. Það hafi því verið eðlilegt skref fyrir hann að bjóða sig fram fyrir hönd Samfylkingarinnar til bæjarstjórnar Hornafjarðar árið 2006. „Ég brenn fyrir jafnaðarstefnunni og trúi því einlæglega að hún sé langbesti leiðarvísirinn sem við getum nýtt okkur við stjórn ríkis og sveitarfélaga, einfaldlega vegna þess að hún hvílir á svo sterkum stöðum jöfnuðar og réttlætis. Það er algjört grundvallaratriði í okkar stefnu að öll börn og unglingar búi við jöfn tækifæri og að þeim sé ekki mismunað. Ekkert barn á að fara á mis við það sem samfélagið hefur upp á að bjóða sökum fátæktar. Skólakerfi sem hannað er fyrir öll börn og sterkt almennt velferðarkerfi eru forsendur þess að við búum börnum og unglungum jöfn tækifæri og komum í veg fyrir mismunun. Jafnaðarstefnan vísar okkur leiðina að þessu marki,“ segir Árni Rúnar.

## Fullur tilhlökkunar

Árni Rúnar er spenntur fyrir kosningunum og



Árni Rúnar með syni sínum Einari Karli eftir góðan leik Sindramanna.



Systurnar Guðný og Sólborg eftir leik AC Milan í Milanó.

hlakkar til kosningabaráttunnar. „Við í Samfylkingunni göngum bjartsýn, glöð og full sjálfstrausts til þessara kosninga. Við byggjum baráttu okkar á klassískri jafnaðarstefnu og miklum baráttuanda samhents hóps. Við viljum bjóða bæjarbúum að vera samferða okkur í þessari vegferð, en með jafnaðarstefnunna í farteskinu eigum við samleið með bæjarbúum. Við viljum gera Hafnarfjörð að enn betri bæ og eftirsóknarverðum valkosti fyrir einstaklinga, fjölskyldur og fyrirtæki. Ég er í það minnsta fullur tilhlökkunar og bjartsýnn á góða útkomu Samfylkingarinnar í vor, Hafnfirðingum öllum til heilla,“ segir Árni Rúnar að lokum.

# „Ég er skipulögð og elska excel“

**Auður Brynjólfsdóttir skipar sjöunda sæti Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Hún vill leggja áherslu á leikskólamálin í bænum, er heimakær, skipulögð og hatar ekkert meira en að vera of sein.**

Auður er með BA gráðu í stjórnmálafræði og starfar á leikskóla og í Kjötkompaníinu um helgar. Hún er gift Þórði Jóni Jóhannessyni, starfsmanni í Hvaleyarskóla og nema í mannfræði. Saman búa þau á Holtinu, ástamt dótturinni Laufeyju, sem verður tveggja ára í sumar. „Við Þórður ólumst bæði upp á Holtinu og þar búa fjölskyldur okkar einnig. Mér þykir Hafnarfjörður ótrúlega fallegur og sjarmerandi bær, er bara frekar skotin í honum! Það er ómetanlegt hve stutt er í fallega náttúru eins og Ástjörn, Hvaleyrvatn og Helgafell, en á sama tíma ekki langt að sækja borgarlífið. Já, það er bara enginn staður betri,“ segir Auður.

„Eftir fæðingarorlofið lenti ég í vandræðum við að fá vinnu sem væri samofin áhugasviði mínu sem stjórnsýslan er, eða starf sem gerði mér kleift að hafa áhrif á samfélagið. En á meðan það er í vinnslu tók ég þá ákvörðun að sækja um á leikskóla í bænum. Í fullri hreinskilni bjóst ég ekki við að taka mér það fyrir hendur, en ég sé ekki eftir þeirri ákvörðun, ég elska vinnuna mína sem er skemmtileg en vissulega gífurlega krefjandi. Ég hef ekki enn komist að niðurstöðu um hvað ég vil starfa við þegar ég verð stór, en veit það eitt að ég verð að hafa tækifæri til að hafa áhrif til góðs,“ segir Auður.

## Gengur full sjálfstrausts inn í komandi kosningar

Segja má að Auður sé nýgræðingur innan flokksins. „Mig hefur langað að taka þátt í pólitík síðan ég var lítil og hef í góðu gríni verið kölluð Auður bæjarstjóri, kannski að það verði bara einn daginn,“ segir Auður og hlær. „En, að öllu gamni slepptu, þá er ár síðan ég hafði samband við Gunnar Þór Sigurjónsson, formann Bersans, sem er félag ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði og spurði hvort ég mætti vera með. Ég byrjaði svo bara á fullum krafti og er núna ritari Bersans. Í framhaldinu ákvað ég að taka þátt í flokksvali Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Ég fór ekki með neinar væntingar inn í það ferli, en gekk ótrúlega vel og geng því núna full sjálfstrausts inn í komandi sveitastjórnakosningar,“ segir Auður ákveðin.

„Mitt helsta áherslumál er leikskólinn. Það þarf að finna lausn á opnun þeirra á sumrin, reyna að koma til móts við foreldra en á móti að hlusta á rök fagfólks. Einnig er mikilvægt að gera leikskólana að eftirsóknarverðum vinnustöðum. Ég hef mikið jafnaðarmannahjarta, finn til samkenndar með fólki og hef þörf fyrir að rétta hjálparhönd. Ég hef ávallt viljað að allir hafi jöfn tækifæri, en oftast er það fjárhagurinn sem þar sker úr. Þess vegna tel ég nauðsynlegt að fólki sé hjálpað fjárhagslega, til dæmis með niðurgreiðslum og ódýrum leigukostum.



Auður, ásamt manni sínum Þórði Jóni Jóhannessyni og dótturinni Laufeyju.

Einnig þarf að huga að því að þeir sem ekki geta unnið eða stundað nám einangrist ekki félagslega. Því þarf að mæta með fjölbreyttum úrræðum, svo sem sálfræðiþjónustu, tómstundum og skipulögðum félagsskap svo eitthvað sé nefnt.“

## Engin tilfinning betri en eftir góða æfingu

Auður segist vera afar skipulögð manneskja sem elskar Excel og njóti þess að huga að heimilinu og sinna fjölskyldunni. „Ég er mjög heimakær. Er oft feimin við fyrstu kynni en dett svo í girinn og get orðið alger trúður. Ég er líka hreinskilinn, áreiðanleg og hata ekkert meira en að vera of sein,“ segir Auður, sem alltaf hefur hugað vel að heilsunni. „Ég stundaði Crossfit af miklu kappi og synti mjög oft í Suðurbæjarlauginni. Það hefur þó aðeins minnkað þessa dagana - nóg að gera í pólitíkinni, vera í tveimur vinnum og með fjölskyldu. En annars finnst mér ekkert betra en tilfinningin eftir góða æfingu. Mér finnst lang skemmtilegast að ferðast og sjá nýja staði. Ég er líka mikið fyrir hámhöf og á það til að láta þáttaseriur heltaka líf mitt, þessa stundina eru það mæðgurnar í Gilmore Girls.“

Aðspurð um framtíðarsýn, hvar hún sjái sjálfa sig eftir fimm ár segir Auður, „Það er nú erfitt að segja, kannski búin að skapa mér stöðu innan Samfylkingarinnar, hver veit. Vonandi einnig hamingjusöm og með stækkandi fjölskyldu.“

Ég er ótrúlega lánsöm manneskja að eiga góðan mann, dóttur og frábæra vini og ef staðan verður sambærileg eftir fimm ár er ég bara ótrúlega sátt kona,“ segir Auður að lokum.



Auður Brynjólfsdóttir, Skipar 7. sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

”

Ég hef mikið jafnaðarmannahjarta, finn til samkenndar með fólki og hef þörf fyrir að rétta hjálparhönd. Ég hef ávallt viljað að allir hafi jöfn tækifæri, en oftast er það fjárhagurinn sem þar sker úr.

# „Við snúum vörn í sókn“

**Árið 2020 fækkaði íbúum Hafnarfjarðar í fyrsta skiptið frá árinu 1939 og á síðasta ári fjölgaði þeim aðeins um 73 eða 0,02%.**

Það er langt undir áætlunum bæjarins sem gera ráð fyrir 1,2-2,5% aukningu eða 335-1.260 íbúum á ári. Á sama tíma er ekkert lát á mikilli fjölgun íbúa hjá nágrennasveitarfélögunum. Þetta er táknrænt um þá stöðun og doða sem ríkt hefur við stjórn Hafnarfjarðarbæjar undir forystu Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.


Íbúafækkunin er mest á meðal ungs fólks. Árið 2021 fækkaði til dæmis mest í aldurshópnum 21-30 ára. Það sýnir að þessi aldurshópur er ekki að finna húsnæði í Hafnarfirði við hæfi, þó að meðalverð á fermetra sé almennt lægra í Hafnarfirði en í nágrennasveitarfélögum. Unga fólk er líka sá hópur sem á börn og ef það flytur burt, þá fækkar einstak-

lingum sem búa í hverri íbúð og íbúum bæjarins fækkar. Það er engum blöðum um það að fletta ástæða hægrar íbúabróunar er lítil uppbygging íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði. Um það vitnar talmning Samtaka iðnaðarins á fjölda íbúða sem eru í byggingu, en um langt skeið hefur Hafnarfjörður rekið þar lestina miðað við nágrennasveitarfélögin.


Þegar við jafnaðarmenn tökum við stjórn bæjarins, þá munum við setja allt í gang og tryggja nægt framboð með uppbyggingu íbúða, t.d. í Vatnshlíð og Áslandi í góðu samstarfi við einstaklinga og verktaka, á Slippsvæðinu, við Óseyrarbraut, Hraun-vestur og víðar. Það þarf að byggja upp, tími endalausra vangaveltna og áforma er liðinn; nú er komið að því að sjá verkin tala. Jafnaðarmenn við stjórn bæjarins eftir kosningarnar í vor munu tryggja að svo verði.



**Stefán Már Gunnlaugsson**  
Skipar 5. sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.



Íbúðir í byggingu.



Mannfjöldapróun í Hafnarfirði.

## Vissir þú...?

...að tillaga varðandi Hrauntungu 5 var samþykkt í skipulags- og byggingaráði, en fulltrúi Samfylkingarinnar greiddi atkvæði gegn því. Átta dögum síðar var tillagan lögð fyrir bæjarstjórn en þar kúventi meirihlutinn og felldi eigin tillögu!

...að meirihluti Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks felldi tillögu Samfylkingarinnar um fjölgun kjörstaða í Hafnarfirði úr tveimur í fjóra. Jafnaðarmenn vilja lýðræði í raun og efla kosningaþáttöku

...að vorið 2018 var rammaskipulag fyrir Hraun-vestur, sem var unnið í samráði við íbúa og er stefnumarkandi fyrir uppbyggingu á svæðinu, samþykkt í skipulags- og byggingaráði. Að frumkvæði minnihlutans var málið tekið upp í bæjarstjórn árið 2020, þar sem meirihluti gagnrýndi það harðlega og samþykkti það ekki.

...að árið 2021 fjölgaði íbúum Hafnarfjarðar um 73, en á sama tíma fjölgaði íbúum Garðabæjar um 760 og Mosfellsbæjar um 437. Þetta er ekki viðunandi, þessu breyta jafnaðarmenn á næsta kjörtímabili.

# „Tryggjum börnum jöfn tækifæri til frístundastarfs“

**Fjöldi foreldra í Hafnarfirði stendur frammi fyrir því að borga hækkandi frístundakostnað fyrir börnin sín, ár frá ári. Frístundastyrkurinn hækkar ekki á sama hraða og gjöldin fyrir frístundastarf, slíkt bitnar verst á börnum og fjölskyldum þeirra og þá ekki síst efnaminnstu fjölskyldunum.**

Í reglum um frístundastyrk á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar segir að markmið frístundastyrkja sé að gera börnum í Hafnarfirði kleift að taka þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi óháð efnahag fjölskyldna, efla íþróttastarf og annað forvarnarstarf í Hafnarfirði.

## **Nauðsynlegt að hækka frístundastyrkinn**

Frístundastyrkurinn í Hafnarfirði er 4.500 króna greiðsla á mánuði og hugsaður sem mótframlag bæjarins til barnafjölskyldna. Öll börn sem skráð

eru í slíkt starf fá styrk frá 1. janúar, árið sem barnið verður 6 ára en 5 ára börn fá ekki frístundastyrk, þrátt fyrir að mörg börn á þeim aldri séu farin að taka þátt í slíku starfi.

Staðreyndin er sú að upphæð frístundastyrksins er alltof lág til þess að tryggja börnum jöfn tækifæri til íþrótta- og tómstundastarfs. Það bitnar verst á börnum foreldra í lágtekjuhópum og börnum einstæðra foreldra. Upphæð frístundastyrksins er sú sama óháð aldri barns en hins vegar hækka æfingagjöld með hækkandi aldri barna. Gjaldskrár íþróttafélaganna hafa auk þess hækkað síðustu ár en í mörgum tilfellum hafa þær tvöfaldast á meðan kaupmáttur launa hefur ekki haldið í við þá þróun.

Fyrirkomulag frístundastyrksins þarf að endurskoða og hækka verður styrkinn svo hann styðji betur við markmið sín um að gefa börnum jöfn tækifæri í að taka þátt í skipulögðu íþrótta- og tómstundastarfi óháð efnahag foreldra.



**Hildur Rós Guðbjargardóttir**  
Skipar 4. sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

## Vissir þú...?

...að einungs níu íbúðir hafa verið keyptar inn í félagslega íbúðarkerfið á síðustu tveimur árum en það eru 100 umsóknir á biðlista eftir félagslegum íbúðum hjá Hafnarfjarðarbæ. Af þeim 100 umsóknum eru 40 metnar í mjög brýnni þörf.

...að meðalbíðtími fólks á biðlistanum eftir tveggja herbergja íbúð er þrjú og hálf ár.

...að 39 fatlaðir einstaklingar eldri en 18 ára, eru á biðlista eftir húsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ. Af þeim 39 fötluðu einstaklingum sem eru á biðlista eftir húsnæði eru 16 metnar í brýnni þörf.

...að Hafnarfjarðarbær greiðir almennu starfsfólki á leikskólum lægri laun en gert er í nágrennasveitarfélögum.

...að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins hafnaði tillögu Samfylkingarinnar um að greiða leikskólastarfsfólki fyrir að matast með nemendum.

...að taxtar vegna NPA samninga hafa verið lægri í Hafnarfirði en í nágrennasveitarfélögum.

...að í Hafnarfirði hefur ekki einni íbúð verið úthlutað á vegum Bjargs íbúðafélags.

Samfylkingin í Hafnarfirði óskar Hafnfirðingum gleðilegra páska og hlakkar til frekari samskipta við Hafnfirðinga fram að kosningum og ekki síður eftir þær.

Kær kveðja,  
Frambjóðendur og stjórn  
Samfylkingarfélagssins í Hafnarfirði.

## Viðburðir framundan

### 21. apríl

Grill á sumardaginn fyrsta í boði XS í Hafnarfirði.

### 22. apríl

Partý á Strandgötunni.

### 1. maí

Kaffi í boði jafnaðarmanna.

**ATH!** Nánari upplýsingar um viðburði og tíma-setningar verða auglýstar á Fésbókarsíðu Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

# Hvað ætlum við gera á næstu fjórum árum?

## Hér fyrir má sjá áherslupunkta úr stefnu Samfylkingarinnar í Hafnarfirði.

### Húsnæðismál eru velferðarmál

- Tryggja hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk, fyrstu kaupendur og eldri borgara.
- Byggja upp öruggan leigumarkað samhliða uppbyggingu annarra húsnæðiskosta.
- Byggja upp þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara í námunda við heilsugæslu og aðra þjónustu.
- Taka höndum saman við félög sem ekki eru rekin í hagnaðarsjónarmiði um uppbyggingu á stúdentaíbúðum, íbúðum fyrir aldraða og tekjulágar fjölskyldur og einstaklinga.
- Styttu biðlista eftir félagslegum íbúðum með stórátaki í fjölgun þeirra, m.a. með því að hækka hlutfall þeirra þegar ný hverfi eru skipulögð.
- Styttu biðlista fatlaðs fólks eftir húsnæði með því að gera stóratak í húsnæðismálum þess með fjölgun búsetuúrræða.

### Umhverfismál í öndvegi og bættar samgöngur

- Vinna eftir markvissri og aðgerðabundinni umhverfisstefnu þar sem forgangsröðun verkefna er skýr og vel fjármögnuð.
- Standa betur að fegrun bæjarins og almennum þrífum um allan bæ, fjölga ruslatunnum með flokkun og stuðla að betri umhirðu þeirra.
- Berjast fyrir varanlegri lausn á umferðarflæði um Reykjanesbraut í gegnum Hafnarfjörð í samstarfi við ríkið.
- Efla almenningssamgöngur með Borgarlínu og öflugum innan-bæjarkerfi strætó.
- Skipulag á forsendum mannlífs og lífsgæða en ekki sérhagsmuna.
- Ýta á um skipulag og gerð ofanbyggðarveggar.

### Öflugt atvinnulíf, iðandi menningarlíf og fleiri ferðamenn

- Efla samvinnu bæjaryfirvalda við fyrirtæki og samtök í bænum sem tengjast menningu og ferðaþjónustu.
- Styðja við frumkvöðlastarfsemi á sviði atvinnu-, menningar- og ferðamála.
- Efla markaðssetningu á Hafnarfirði sem áhugaverðum ferðamannastað þar sem áhersla er lögð á sérstöðu bæjarins.
- Meira líf í miðbæinn með því að gera hann að lifandi vettvangi fyrir hvers menningarstarf og afþreyingu.

Stefnuna í heild sinni má lesa inn á [www.xshafnarfjordur.is/stefnan](http://www.xshafnarfjordur.is/stefnan)

### Fjárfestum í menntun

- Fjárfestum í menntun og gefum starfsfólki og nemendum sem flest tækifæri til þess móta starfið í sínum skóla.
- Auka vægi verk- og listgreina í skólastarfinu og fjölga valgreinum fyrir nemendur, sérstaklega á unglingsstigi.
- Brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með því að lækka inntökualdur á leikskóla, styrkja umgjörð dagforeldrakerfisins og fjölga ungbarnadeildum og/eða ungbarnaleikskólum.
- Efla leikskólann sem fyrsta skólastigið með því bæta kjör og starfsumhverfi leikskólakennara ásamt því að fjölga tækifærum til menntunar og starfsþróunar.
- Bæta kjör og starfsaðstæður almennra starfsmanna á leikskólum enda eru laun þeirra lægri en tíðkast í nágrannasveitarfélögum.
- Efla geðheilbrigðisþjónustu og forvarnir með auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu, náms- og starfsráðgjöf.

### Fjölbreytt frístundastarf

- Hækka myndarlega frístundastyrk fyrir börn og ungmenni. Öll börn og ungmenni eiga að geta stundað skipulagt frístundastarf óháð efnahag.
- Tryggja fjölbreytta flóru íþrótt- og tómsundastarfs í bænum svo allir finni eitthvað við sitt hæfi.
- Tryggja aðgengi fyrir fatlað fólk að íþróttamannvirkjum sem og að útivistarperlum í bæjarlandinu og auka aðgengi fatlaðra barna að hvers kyns frístundastarfi.
- Reist verður reiðhöll hjá Hestamannafélaginu Sörla.
- Byggt verður knatthús á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum.
- Fjölga grænum svæðum og hanna þau með þeim hætti að þau styðji við lýðheilsu bæjarbúa.
- Stórefla forvarnarstarf í samstarfi við börn og unglunga.
- Stutt verður myndarlega við rekstur og uppbyggingu íþróttafélaga í bænum.

### Íbúalýðræði og gagnsæ stjórnsýsla

- Leita markvisst eftir álitum bæjarbúa með opnum og fjölbreyttum íbúafundum, t.d. með svokölluðu þjóðfundarformi.
- Tryggja virkt íbúasamráð m.a. í skipulagsmálum með því að fá íbúa fyrr að borðinu í skipulagsvinnunni.
- Halda íbúakosningar um stór og mikilvæg mál.
- Efla hverfin og stuðla að því að íbúar þeirra hafi meira um umhverfi þeirra að segja, t.a.m. með reglulegum hverfafundum.
- Vinna að aukinni kjörsókn í bæjarfélaginu m.a. með því að fjölga kjörstöðum í bænum.
- Tryggja gagnsæi og skilvirkni í stjórnsýslu bæjarins.

# Tölum saman

Frambjóðendur á ferð og flugi. Það skiptir máli að hlusta á fólk!



## Biuro wyborcze Samfylkingin Godziny otwarcia

- Strandgata 43 w Hafnarfjörður -

Pon. - Pt.

**16:00 – 18:00**

Sobota

**12:00 – 16:00**

---

## Opening Hours Samfylkingin in Hafnarfjörður

- Strandgata 43 -

Weekdays

**16:00 – 18:00**

Saturdays

**12:00 – 16:00**

---

## Opnunartími í Samfylkingarhúsinu

- Strandgötu 43, Hafnarfirði -

Virkir dagar

**16:00 til 18:00**

Laugardagar

**12:00 til 16:00**

---



*Kolbrún í 6. sæti, Krístrún Þingmaður XS, Hildur Rós í 4. sæti og Auður í 7. sæti á lista Samfylkingarinnar, jafnaðarmannaflokks Íslands. Sigrún Sverris í 2. sæti listans tók myndina.*